

## Fundargerð

### 4. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn í Kjarna 17. október 2019 kl. 15:00.

#### Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson formaður, Helgi Héðinsson varaformaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Jóna Björg Hlöðversdóttir aðalmaður, Friðrik K. Jakobsson varamaður, Elísabet Sigurðardóttir varamaður, Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri, Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri, Róbert Ragnarsson ráðgjafi og Jón Hrói Finnsson ráðgjafi.

**Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson**, verkefnisstjóri.

#### 1. Umsókn um stuðning Jöfnunarsjóðs við sameiningarviðræður - 1908032

Lagt fram til kynningar svar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 8. október 2019 við umsókn samstarfsnefndar um framlag til að mæta kostnaði vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar og framlag til að vinna að verkefninu Nýsköpun í norðri.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs samþykkir framlag allt að 29 m.kr. vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, kynningar á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu. Jafnframt samþykkir ráðgjafarnefndin framlag að fjárhæð allt að 20 m.kr. vegna verkefnisins "Nýsköpun í norðri".

#### 2. Verkefnis- og kostnaðaráætlun - 1909031

Áfram haldið vinnu við verkefnis- og kostnaðaráætlun Þingeyings.

*Ráðgjöfum og Þorsteini falið að gera tillögu að samskiptasáttmála fyrir nefndina.*

#### 3. Greining fjárhags sameinaðs sveitarfélags - 1910012

Ráðgjafar leggja til að vinna verði hafin við frumgreiningu fjárhags sameinaðs sveitarfélags.

*Samstarfsnefnd samþykkir að ráðgjafar hefji vinnu við frumgreiningu. Helgi lagði til að ársreikningar yrðu skoðaðir nokkur ár aftur í tímann, t.d. 4-5 ár.*

#### 4. Mat á framkvæmda- og viðhaldspörf - 1910013

Umræður um mat á framkvæmda og viðhaldspörf í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit.

*Samþykkt að fela ráðgjöfum að safna upplýsingum um viðhaldspörf fasteigna með aðstoð starfsmanna sveitarfélaganna.*

#### 5. Fyrirkomulag íbúafunda - 1909047

Umræður um samspil á milli Þingeyings og Nýsköpunar í norðri varðandi íbúasamráð.

*Arnór upplýsti um fyrirætlanir um tímasetningu funda stýrihóps Nýsköpunar í norðri og íbúafunda á næstu vikum. Fram kom að stýrihópur fundar 31. október nk.*

4. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar  
17.10.2019

*Ráðgjafar RR ráðgjafar og verkefnisstjóri Nýsköpunar í norðri funda föstudaginn  
18. október nk. um samlegð og tilhögun íbúasamráðs.*

Fundi slitið kl. 17:00.

---

---